



Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2018 – 2019

Nemendur:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að allir nemendur skólans fái jafnréttis- og mannréttindafræðslu.	Umsjónar- og samfélagsfræðikennarar setja í kennsluáætlanir jafnréttisfræðslu vetrarins. Rætt skal um jafnrétti út frá aldri, stétt, búsetu, tungumáli, kyni, kynhneigð, kynvitund, fötlun, uppruna, þjóðerni, húðlit og trúarbrögðum.	Umsjónarkennarar Samfélagsfræðikennarar	Sett í námskrá í upphafi skólaárs. Fræðslan fer fram yfir skólaárið. Skólaárið 2018-2019.
Að nemendur fái fræðslu um kyn, kynhneigð og kynvitund. Að nemendur fái fræðslu um hvað kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er og þekki hvert þeir geta leitað með þau mál bæði innan og utan skólans.	Ímyndir kynja og hefðir ræddar, krufin eru til mergjar hugtök eins og: -kvenleiki og karlmennska -kynhneigð og kynvitund -kynbundið ofbeldi -kynbundin áreitni -kynferðislegt áreitni -kynferðisofbeldi gegn börnum. Líkaminn minn Krakkarnir í hverfinu - leikrit Leyndarmálið - teiknimynd Fræðsla og umræða um samskipti kynjanna, nán sambönd, kynlíf, virðingu, klám, klámvæðingu og hættur í netheimum. Líkamsímynd og hugrekki. Mikilvægt er að í allri umfjöllun um ofangreind mál sé tekið tillit til aldurs og þroska nemenda.	Kennarar Umsjónarkennarar Náttúrufræðikennarar Skólahjúkrunarfr. Umsjónaraðilar leikþátta og aðkeyptir fyrirlesarar.	Ýmis verkefni í hverjum árgangi. Skólaárið 2018-2019.

<p>Að gæta jafnréttis í starfi skólans og að borin sé virðing fyrir öllum nemendum og ólíkum skoðunum þeirra.</p> <p>Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri.</p>	<p>Dagleg samskipti við nemendur. Allir nemendur fá tækifæri í almennum samskiptum og á bekkjarfundum til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri.</p> <p>Nemendur kjósa sér fulltrúa í nemendaráð og skólaráð, á lýðræðislegan hátt.</p>	<p>Kennarar</p> <p>Umsjónarkennarar</p> <p>Skólastjóri og umsjónarmaður félagsstarfs</p>	<p>Dagleg samskipti.</p> <p>Vikulegir bekkjarfundir.</p> <p>Kosningar einu sinni á skólaári.</p> <p>Skólaárið 2018-2019.</p>
<p>Að vinna markvisst gegn hvers kyns staðalímyndum; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.</p>	<p>Allir kennarar skólans skoða og meta allt námsefni og framsetningu kennslunnar út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum. Þess er gætt að kennslu- og námsgögn mismuni ekki og ýti ekki undir staðalímyndir á grundvelli; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.</p> <p>Rætt er um staðalímyndir í tengslum við náms- og starfsfræðslu og önnur svið þegar nám og störf eru til umræðu.</p>	<p>Allir kennarar og aðrir starfsmenn skólans</p> <p>Náms- og starfsráðgj.</p>	<p>Er í gangi allt skólaárið.</p> <p>Skólaárið 2018-2019.</p>
<p>Að taka tillit til mismunandi menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða og lífsskoðana nemenda.</p>	<p>Almenn trúarbragðafræðsla þar sem fjölmennustu trúarbrögð heims eru kynnt í samfélagsgreinum.</p> <p>Markviss móttaka barna og foreldra af erlendum uppruna.</p> <p>Reynt eftir bestu getu að koma til móts við ólíkar matarþarfir vegna trúarbragða.</p>	<p>Umsjónarkennarar</p> <p>Samfélagsfræðikennarar</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Stjórnandi mötuneytis</p>	<p>Er í gangi allt skólaárið.</p> <p>Skólaárið 2018-2019.</p>

Starfsmenn:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konum og körlum er starfa við Grunnskólann á Hellu skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu störf. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störf og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna.	Yfirvinnugreiðslur og viðbótarlaun vegna ákveðinna verkefna eru skoðuð reglulega með tilliti til kyns starfsmanna. Sýni niðurstöður fram á kynbundin launamun skal þegar í stað gripið til aðgerða til þess að uppræta slíkt.	Framkvæmdastjóri byggðasamlagsins Odda og launafulltrúi auk skólastjóra.	Reglulega allt skólaárið. Skólaárið 2018-2019.
Konur og karlar hafa jafnan rétt til að sækja um þau störf sem losna í Grunnskólanum á Hellu. Haft er að leiðarljósi að kynjahlutfall á meðal starfsmanna sé sem jafnast.	Öll störf innan skólans eru auglýst laus til umsóknar án skilgreininga á kyni þeirra sem sækja um viðkomandi starf.	Skólastjóri	Reglulega allt skólaárið. Skólaárið 2018-2019.
Tryggja þarf að allir starfsmenn hafi sama rétt til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Sama gildir um námskeið og ráðstefnur sem tengjast starfsvettvangi hvers og eins.	Allir starfsmenn eru hvattir til þess að sækja sér menntun og þjálfun sem kemur til með að nýtast þeim í starfi. Starfsmenn eru upplýstir um þau tilboð sem skólanum berast varðandi endurmenntunarmöguleika.	Skólastjóri	Reglulega allt skólaárið. Skólaárið 2018-2019.
Gerðar eru ráðstafanir til að gera öllum starfsmönnum kleift að samræma ábyrgð og/eða starfsskyldur sínar með tilliti til fjölskylduaðstæðna.	Ef þörf er á, er vinnutímarammi endurskoðaður með viðkomandi starfsmanni og reynt er að sveigja vinnutímann til eins og kostur er.	Skólastjórnendur	Reglulega allt skólaárið þ.e. þegar slíkar aðstæður koma upp. Skólaárið 2018-2019.
Gerðar eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk skólans	Fræðsla fyrir starfsmenn um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni. Gerð skal viðbragðsáætlun um hvernig	Skólastjórnendur	Skoðað reglulega þ.e. eftir að niðurstöður starfsmannakönnunar

<p>verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni á vinnustaðnum.</p>	<p>bregðast skuli við komi slík mál upp. Starfsmenn upplýstir um hvert skal leita verði þeir fyrir eða verði vitni að kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.</p> <p>Rýnt verður í niðurstöður starfsmannakanna t.d. Skólapúlsinn og brugðist við ef ástæða er til.</p>		<p>hafa komið fram. Einnig er brugðist við um leið og upplýsingar berast eftir öðrum leiðum. Skólaárið 2018-2019.</p>
<p>Ráðstafanir eru gerðar ef yfirmaður er kærður vegna kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða kynferðislegrar áreitni. Þá þarf næsti yfirmaður að taka ákvarðanir.</p>	<p>Starfsmenn upplýstir um hvert skuli leita verði þeir fyrir eða verði vitni að kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.</p>	<p>Skólastjórnendur</p>	<p>Farið yfir málið árlega á starfsmannafundi. Og síðan eftir þörfum. Skólaárið 2018-2019.</p>

Þessa framkvæmdaáætlun skal endurskoða árlega. Framkvæmdaáætlunin hefur verið tekin til endurskoðunar á skólaárinu 2018 – 2019 og er lögð fram að endurskoðun lokinni 15. janúar 2019. Framkvæmdaáætlunin var samþykkt á fundinum.